

Föstudaginn 18. júní 1993.

Nr. 144/1991. **Jóhann Berg Sigurðsson og
Vátryggingafélag Íslands hf.**

(Hákon Árnason hrl.)

gegn

Niels Karlssyni

(Gunnar Sólnes hrl.).

Bifreiðar. Umferðarlög. Árekstur. Bifhjól.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason og Hjörtur Torfason.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 4. apríl 1991. Þeir krefjast þess, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og þeir sýknaðir af öllum kröfum stefnda. Jafnframt krefjast þeir málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjenda in solidum fyrir Hæstarétti.

Mál þetta er risið af árekstri bifreiðar og bifhjóls á Glerárgötu, Akureyri, við gatnamót Tryggvabrautar og Hörgárbrautar um miðjan dag 8. júní 1989. Stefndi ók bifreið sinni norður verslunargötu, sem er samsíða Glerárgötu. Er hann kom að gatnamótum Glerárgötu, þar sem biðskylda er, kveðst hann hafa litið til suðurs og hugað að umferð norður Glerárgötu, en taldi það langt vera í næstu bifreiðir, að óhætt væri fyrir sig að aka inn á Glerárgötu. Kveðst hann hafa ekið rակleitt úr verslunargötunni, þvert yfir hægri akrein Glerárgötu og yfir á vinstri akrein. Taldi hann sig hafa verið búinn að aka nokkurn spöl eftir þeirri akrein, þegar ekið var aftan á sig, en sjálfur hefði hann ekið á 25 til 30 km hraða miðað við klukkustund. Ökumaður bifhjólsins ók norður Glerárgötu á vinstri akrein. Hann kveður bifreið stefnda hafa verið ekið þvert yfir hægri akrein í veg fyrir sig og hafi hún ekki verið að fullu komin í rétta stefnu, þegar bifhjólið lenti á henni. Áætlað hann að hafa ekið á 50 til 60 km hraða miðað við klukkustund, en leyfilegur hámarks-
hraði á þessum stað var 50 km miðað við klukkustund. Viðni að árekstrinum bar fyrir lögreglu, að ökumaður bifhjólsins hefði verið á 80 til 90 km hraða, en fyrir dómi taldi vitnið hraðann hafa verið

70 til 80 km miðað við klukkustund. Bifreiðin skemmdist allmikið, en litlar skemmdir urðu á bifhjólinu og engin slys á mönnum.

Þegar litið er til aksturslags stefnda, þar sem hann ekur inn í Glerárgötu í nánd við fjölfarin gatnamót og þvert yfir á vinstri akrein í stað þess að halda sig á þeirri hægri, verður að telja, að hann beri höfuðsök á árekstrinum, þar sem hann hugði ekki nægilega að ökutækjum, sem komu norður Glerárgötu. Á hinn bóginn verður að telja sannað, að ökumaður bifhjólsins hafi ekið of hratt, þótt ósannað sé, að hraði bifhjólsins hafi verið verulegur umfram lögleyfðan hraða. Þykir rétt, að stefndi beri tjón sitt að 2/3 hlutum sjálfur, en áfrýjendur hafa þegar bætt honum 1/3 hluta tjónsins. Samkvæmt þessu eru áfrýjendur sýknaðir af kröfum stefnda.

Eftir atvikum þykir mega fella málskostnað niður í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Áfrýjendur, Jóhann Berg Sigurðsson og Vátryggingafélag Íslands hf., eru sýknaðir af kröfu stefnda, Nielsar Karlssonar. Málskostnaður fellur niður.

Dómur bæjarþings Akureyrar 26. febrúar 1991.

Mál þetta, sem dómtekið var í gær, hefur Niels Karlsson, Steinnesi, Akureyri, kt. 271252-2509, höfðað hér fyrir dómi með stefnu, þingfestri 4. október 1990, á hendur Jóhanni Berg Sigurðssyni, Sævarlandi, Stokks-eyrarhreppi, kt. 121162-2619, og Vátryggingafélagi Íslands hf., kt. 690689-2009, Ármúla 3, Reykjavík.

Eru dómkröfur stefnanda þær, að stefndu verði dæmdir til að greiða sér in solidum 168.125 kr. með [nánar tilgreindum vöxtum og málskostnaði].

Stefndu krefjast sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að mati dómsins auk virðisaukaskatts og dráttarvaxta frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Málsatvik eru þau, að fimmtudaginn 9. júní 1989 ók stefnandi bifreið sinni, A-5520, sem er fólksbifreið af Datsun-gerð, norður verslunargötu á Akureyri, en gata þessi liggur samsíða Glerárgötu. Við norðurenda verslunargötunnar beygði stefnandi inn á Glerárgötu og ók þvert yfir hægri akrein hennar og yfir á vinstri akrein, en báðar eru með akstursstefnu í norður, beygði síðan norður eftir vinstri akrein og ók áleiðis að gatna-

mótum Tryggvabrautar, sem eru skammt fram undan, á móti grænu ljósi og hugðist halda leiðar sinnar áfram í norður. Rétt þegar hann kom að gatnamótunum, var bifhjólinu X-7010 ekið aftan á bifreið hans. Var ökumaður bifhjólsins Áki Heiðar Garðarsson, Hafnarstræti 77, Akureyri, en bifhjólið var í eigu stefnda Jóhanns og tryggt lögboðinni ábyrgðartryggingu hjá Brunabótafélagi Íslands, sem stefndi Vátryggingafélag Íslands hf. hefur nú yfirtekið. Bifreið stefnanda skemmdist allmikið, og er skemmdum svo lýst af skoðunarmanni tryggingafélagsins: „Afturgafli, stuðari og skottlok kýtt langt inn og mjög illa beyglað, gólf í skotti saman krumpað, bæði afturbretti beygluð, grindarbitar bognir, hægra afturljós brotið, listar á gaffli skemmdir, skrá í loki skemmd, ljós á bretti brotin.“ Áætlaði skoðunarmaður tjónsfjárhæðina 250.933 kr. Hefur stefnandi höfðað mál þetta til heimtu bóta vegna tjóns þess, er hann varð fyrir og óbætt er.

Stefnandi reisir kröfu sína á því, að ökumaður bifhjólsins eigi alla sök á árekstrinum með allt of hröðum og ógætilegum akstri. Með aksturslagi sínu hafi hann brotið gegn umferðarlögum nr. 50/1987, einkum 4. gr., 1. mgr. 36. gr. og einnig 2. mgr., a-lið, sömu greinar og enn fremur 1. mgr. 37. gr. Kveður hann kröfuna á hendur stefnda Jóhanni byggða á 1. mgr. 90. gr. framangreindra laga, en krafan á hendur stefnda Vátryggingafélagi Íslands hf. sé reist á 1. mgr. 97. gr., sbr. 91. gr., sbr. 1. mgr. 95. gr. sömu laga.

Stefndu hafa viðurkennt bótaskyldu í máli þessu og greitt stefnanda 1/3 hluta tjóns hans.

Stefndu reisa sýknukröfu sína á því, að skipta beri sök í málinu. Telja stefndu, að stefnandi hafi átt meginsök á árekstrinum, svo að hæfilegt sé, að hann beri 2/3 hluta tjónsins sjálfur. Telja stefndu, að stefnandi hafi sjálfur átt höfuðsök á árekstrinum með gálausum innakstri og akreina-skiptum á Glerárgötu í veg fyrir X-7010, sbr. 2. mgr. 17. gr. umferðarlaga. Stefnandi hafi ekki gætt þess, að það væri ekki hættulaust, eins og áreksturinn beri ljóslega vitni um. Stefnanda hafi yfirsést X-7010 með öllu. Ökumaður X-7010 hafi ekki haft svigrúm til að afstýra árekstri, þegar stefnandi hafi ekið í veg fyrir hann. Með aksturslagi þessu hafi stefnandi valdið árekstrinum, en við ökumann X-7010 sé ekki annað að sakast en að hafa ekið á 60 km hraða á klst. í stað 50 km á klst., sem sé lögleyfður hraði á Glerárgötu. Sé því síst á stefnanda hallað við framangreinda sakarskiptingu.

Fram fór lögreglurannsókn vegna áreksturs þessa. Þá hefur stefnandi gefið skýrslu hér fyrir dómi auk ökumanns bifhjólsins og vitnisins Sigurjóns Valdimars Helgasonar.

Dómari hefur farið á vettvang og kynnt sér aðstæður þar.

Stefnandi kveðst hafa litið suður eftir Glerárgötu, áður en hann ók inn á hana, og hafi verið það langt í bifreiðar, að hann taldi óhætt fyrir sig

að aka inn á götuna, sem hann gerði. Hann hafi ekið yfir á vinstri akrein, þar sem hann hafi ætlað að beygja á næstu gatnamótum vestur Höfðahlíð. Hann kveðst hafa ekið þvert yfir hægri akrein Glerárgötu og yfir á vinstri akreinina. Hafi hann verið búinn að aka eftir þeirri akrein að gatnamótunum, þegar ekið var aftan á sig.

Ökumaður vélhjólsins, Áki Heiðar Garðarsson, kveðst hafa ekið hjólinu norður Glerárgötu, og er hann kom að gatnamótum Þórunnarstrætis og Glerárgötu, sem eru nokkru sunnar, hafi umferðarljós, er þar eru, breyst úr rauðu yfir í grænt. Hann hafi því haldið áfram án þess að stöðva hjólið alveg. Á undan sér yfir gatnamótin hafi verið tvær bifreiðar, hvor á sinni akrein, sem höfðu rétt farið af stað, þegar hann kom að ljósunum. Kveðst hann hafa verið á vinstri akrein og farið fram úr bifreiðunum með því að aka á milli þeirra, rétt þegar þær voru að fara af stað við gatnamótin. Bifreið stefnanda hafi síðan verið ekið þvert yfir Glerárgötu í veg fyrir sig og hafi ekki verið að fullu búin að beygja í rétta stefnu, þegar hann skall aftan á bifreiðina. Kveðst hann hafa verið á um 50-60 km hraða, er hann var kominn fram úr áðurgreindum bifreiðum. Hafi gatan þá verið auð fram undan. Kveðst hann áætla hraða sinn, en ekki hafa litið á hraðamælinn. Hann kveðst hafa átt eftir stutta vegalengd að nyrðri gatnamótum Glerárgötu og verslunargötu, þegar hann hafi séð bifreið stefnanda ekið úr verslunargötunni og inn á Glerárgötu. Kveðst hann hafa reynt að hemla, eins og hann þorði, án þess að snögghemla, en það hafi ekki dugað til og hann lent á afturhluta bílsins.

Ökumaður annarrar framangreindrar bifreiðar, er ók norður Glerárgötu, var vitnið Sigurjón Valdimar Helgason. Kveðst vitnið hafa staðnæmst á hægri akrein Glerárgötu á ljósunum við gatnamót Þórunnarstrætis. Kveðst vitnið hafa verið komið á um 50 km hraða, þegar það hafi séð bifreið stefnanda ekið inn á Glerárgötu, og kveðst þá hafa hægt á sér. Kveðst vitnið hafa litið í baksýnispegil og ekki séð hjólið, þegar það hægði á bifreiðinni. Bifreið stefnanda hafi verið komin yfir á vinstri akrein, en ekki verið að fullu búin að beygja í rétta stefnu, þegar vitnið varð vart við, að hjólinu var ekið fram úr bifreið þess. Segir vitnið, að búin hafi verið að rétta bifreið stefnanda af á vinstri akrein, þegar áreksturinn varð. Telur vitnið sig hafa átt eftir um 100-150 m að nyrðri gatnamótum verslunargötunnar, þegar það hafi séð bifreið stefnanda ekið inn á Glerárgötu. Telur vitnið sig hafa átt eftir um 50 m ófarna að gatnamótum verslunargötunnar, þegar hjólinu var ekið fram úr bifreið þess. Fyrir lögreglu taldi vitnið, að hraði hjólsins hefði verið 80-90 km á klst., en hér fyrir dómi kveður það hraðann hafa verið 70-80 km, er hjólinu var ekið fram úr bifreið þess.

Lögreglumenn gerðu uppdrátt af vettvangi, sem fram hefur verið lagður í málinu.

Samkvæmt framansögðu ók stefnandi bifreið sinni þvert yfir hægri akrein Glerárgötu og yfir á vinstri akrein úr norðurenda verslunargötunnar og beygði síðan þar norður eftir akreininni. Af uppdrætti má ráða, að stefnandi hafi verið búinn að aka u. þ. b. 10 m í akstursstefnu eftir götunni, þegar hjólið skall aftan á bifreið hans. Þegar til þessa er litið svo og, hversu harður áreksturinn varð, þrátt fyrir það að bifreið stefnanda var á ferð til norðurs, þykir mega við það miða, að hraði bifhjólsins hafi verið verulegur umfram lögleyfðan hraða. Ósannað er, að téð bifhjól hafi verið komið nær gatnamótum verslunargötunnar en bifreið vitnisins Sigurjóns Valdimars, er stefnandi ók inn á Glerárgötu. Staðhæfing stefndu um, að stefnandi hafi sýnt það gáleysi við aksturinn, að metið verði honum til sakar, er því ekki nægjanlega rökstudd.

Verða stefndu samkvæmt framansögðu dæmdir til að greiða stefnanda tjón hans að fullu.

Hvorki er tölulegur ágreiningur um fjárhæð kröfu stefnanda né vaxta-kröfu hans, og verða þær því teknar til greina að fullu.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefndu til að greiða stefnanda málskostnað, sem að teknu tilliti til virðisaukaskatts þykir hæfilega ákveðinn 77.000 kr. ásamt vöxtum, eins og krafist er.

Dóm þennan kvað upp Freyr Ófeigsson héraðsdómari.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Jóhann Berg Sigurðsson og Vátryggingafélag Íslands hf., greiði stefnanda, Niels Karlssyni, in solidum 168.125 kr. ásamt [nánar tilgreindum vöxtum og málskostnaði].
